**From:** Mínar síður - Reykjavíkurborg
**To:** USK Skipulag
**Subject:** Ný umsókn - Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa
**Date:** miðvikudagur, 24. maí 2023 10:56:05
**Attachments:** 16160-gm_Hesthusahv_DSKBR.pdf
samthykktir 23 May 2023.pdf
Utfyllt umsokn - PDF.pdf

# Fyrirspurn eða umsókn til skipulagsfulltrúa

## 1 Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda: **Sveinn Ragnarsson**

Kennitala umsækjanda: [redacted]

Heimilisfang umsækjanda: **Skógarás 16**

Póstnúmer umsækjanda: **110 Reykjavík**

Símanúmer umsækjanda: [redacted]

Netfang umsækjanda: [redacted]

Er um fjöleignarhús að ræða?: **Já**

Nafn forsvarsmanns: **Sveinn Ragnarsson**

Netfang forsvarsmanns: [redacted]

Veldu annað hvort: **Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsækjandi er: **Eigandi / eigendur**

Umboð frá eiganda:

## 2 Greiðandi

Nafn greiðanda: **Sveinn Ragnarsson**

Kennitala greiðanda: [redacted]

Netfang greiðanda: [redacted]

## 3 Svæði og deiliskipulag

Heimilisfang / lóðaheiti: **Faxaból 12**

Umsækjandi: **Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag**

## 4 Erindið

Erindið fjallar um: **Breytingu á deiliskipulagi**

Ef annað, þá hvað?:

Stutt lýsing á erindi: **Óskað eftir að breyta deiliskipulagi til að heimila skýli/þak á gerði sem er við hesthúsið.**

Hefur verið haft samband við veitufyrirtæki?: **Nei**

Hvaða veitufyrirtæki?:

## 5 Fylgigögn

Uppdrættir: **16160-gm_Hesthusahv_DSKBR.pdf**

Bréf til umsækjanda/hönnuðar:

Greinagerð:

Umsögn Minjastofnunar Íslands:

Mæliblað:

Hæðarblað:

Loftmynd:

Önnur gögn: **samthykktir 23 May 2023.pdf**




Gildandi deiliskipulag athafnasvæðis hestamanna í Elliðaárdal samþ. 22.09.2005, síðast breytt 02.02.2017. mkv 1:2000




Tillaga að breytingu deiliskipulags, sjá nánar í greinargerð mkv. 1:2000

**Greinargerð**

Deiliskipulagsbreytingin nær yfir lóð Faxabóls 12. Ætlunin er að byggja skýli yfir hluta af gerði við hesthús nr. 12 í Faxabóli. Með þessu skýli verður hægt að stunda tamningar og þjálfun hrossa allt árið um kring.

Breytingin sem lögð er til er eftirfarandi:

- Heimilt verði að bæta við 17,2 m löngum stoðvegg um 12 m vestan við núverandi stoðvegg sem liggur samsíða reiðleiðinni.
- Byggt verður ofan á núverandi stoðvegg. Hæð á vegg/hlið reiðskýlisins verðum um 1,5m austan megin, að reiðstíg.
- Þak yfir reiðaðstöðu sem afmarkast af núverandi og nýjum stoðveggjum. Um 17,2x12m að stærð.

**Skilmálar:**

Skýlið verður að hámarki með 3m vegghæð, að innanverðu. Mænishæð að hámarki 4,70m frá gólfi reiðaðstöðu. Um er að ræða létt skýli/þak. Stálbitar verða í þaki. Þak verðu með mæni og sama halla og núverandi byggingar.

SKÝRINGAR

| | |
|---|---|
| DEILISKIPULAGSMÖRK / MÖRK ATHAFNASVÆÐIS HESTAMANNA | BÍLVEGIR OG BÍLASTÆÐI |
| MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR | REIÐLEIÐIR |
| LÓÐARMÖRK | AÐALGÖNGUSTÍGAR |
| LÓÐIR INNAN SKIPULAGSSVÆÐIS | GÖNGUSTÍGAR |
| BYGGINGARREITUR | KVÖÐ UM AKSTURSMÖGULEIKA |
| UPPGRÆTT GRASLENDI BÍLAST.FYRIR HESTAÍÞRÓTTASV. | NÚV. TAÐÞRÓ |
| RUNNAR OG TRJÁGRÓÐUR | BYGGINGARREITUR FYRIR TAÐÞRÓ |
| NÚV. BYGGINGAR Á SKIPULAGSSVÆÐI | (K) STÆÐI FYRIR HESTAKERRUR |
| HÚS SEM EIGA AÐ HVERFA | (T) TAMNINGAGERÐI |
| | (H) HRINGGERÐI |




Hluti gildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2040, samþykkt 13.01.2022

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í
________________ þann ________ 20__
og í _______________ þann _________ 20__.
Tillagan var auglýst frá ________20__ með athugasemdafresti til ________ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 20__.

ELLIÐAÁRDALUR
ATHAFNASVÆÐI HESTAMANNA
DEILISKIPULAGSBREYTING - YFIRBYGGT GERÐI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KVARÐI-A4 | 1 2000 | TEIKN NR | |
| DAGS | 23.05.2023 | HANNAÐ | fk |
| FLOKKUR | 0000-reyk-elli-A-23103 | TEIKNAÐ | hn |
| SKRÁ | 16160-gm_Hesthusahv.dwg | VERKNR | 23103 |

LANDSLAG

X:\0-VERK\0000-REYK-ELLI\A\23103-FAXABOL-DSKBR\TEIKN\DWG\16160-GM_HESTHUSAHV.DWG

# Samþykki nágranna

Við undirritaðir ,þinglýstir eigendur að eigninni Vatnsveituvegur Fákur F12 hesthús fastanúmer 205-3266, F2326485, F2326486, F2326487, F2326488, F2326489 samþykkjum eftirfarandi:

Að reist verði skýli með tvíhalla þaki yfir núverandi stoðveggi eins og meðfylgjandi uppdráttur frá TSO teiknistofu dags. 14.01.2023 sýnir.

Um er að ræða þak sem verður 216m2 og nær yfir part af því svæði sem nú er viðrunargerði.

| Nafn: | Kt: | Húseign: |
|---|---|---|
| Steingrímur Þormóðsson | | F-2053266 |
| Gauti Verk ehf | 590701-2890 | F-2326485 |
| Halldór Bragi Ólafsson | | F-2326486 |
| Margrét Magnúsdóttir | | F-2326487 |
| Sóley Halla Möller | | F-2326488 |
| Halldóra Baldvinsdóttir | | F-2326488 |
| Sveinn Ragnarsson | | F-2326489 |
| Guðrún Edda Bragadóttir | | F-2326489 |




Grunnmynd mk, 1:100



Afstöðumynd mk, 1:500

## Skýringar

Uppdrátturinn sýnir þak sem setja á yfir og milli núverandi stoðveggja. Þakið er byggt úr stálbitum og klætt með bárustáli. Þakhalli er 10°. Þakflöturinn er 216m2. Þakið er byggt úr stálsperrum með bárujárnsklæðningu. Þakið er reist ofan á núverandi stoðveggi.



Þversnið mk. 1:100

Verk: **Faxaból** Þak yfir reiðaðstöðu

Verkhluti: **Grunnmynd þaks og snið**

| Teikn nr: | Dags: | Mælikvarði: |
|---|---|---|
| A-01 | 14.01.2023 | 1:100 |

Breytingar:

Hannað: Sæmundur Óskarsson [redacted]

Teiknað: Sæmundur Óskarsson [redacted]

Teikniþjónusta ehf
kt. 601200-2440
Suðurlandsbraut 10, 2.hæð
Sími: 5533700

Netfang: [redacted]

Farsími [redacted] Sæmundur Magnús

Ábyrgðarhönnuður: Sæmundur Óskarsson [redacted]

## Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 18. apríl 2023 klukkan 17:00.

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Árni Geir Eyþórsson, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

1. **Ársreikningur Fáks**

Ársreikningur verður yfirfarinn með skoðunarmönnum mánudaginn 24. apríl. Fyrirhugað er að halda aðalfund Fáks 16. maí klukkan 20:00.

2. **Erindi til stjórnar frá Sveini Ragnarssyni vegna Faxabóls 12**

Stjórn setur sig ekki upp á móti tillögu erindisins með fyrirvara um að framkvæmdin fái samþykki skipulagsyfirvalda og þóknun verði greidd félaginu fyrir viðkomandi lóð fáist verkefnið samþykkt.

3. **Firmakeppni Fáks**

Firmakeppni Fáks fer fram á sumardaginn fyrsta. Stjórnarmeðlimir munu hringja og safna áheitum.

4. **Reiðskólar sumar 2023**

Framkvæmdastjóra er falið að heyra í forsvarsmönnum reiðskólanna varðandi sumarið. Farið verður fram á að hreinsað verði úr næturhólfum áður en starfssemi hefst.

**Fundi slitið 17:50**
**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**

Reykjavík 13.október 2023

**Mál: Elliðaárdalur - athafnasvæði hestamanna - breyting á deiliskipulagi - Faxaból 12**

Lögð fram umsókn Sveins Ragnarssonar, dags. 24. maí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals, athafnasvæðis hestamanna, vegna lóðarinnar nr. 12 við Faxaból. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að gera skýli yfir hluta af gerði við hesthús, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 23. maí 2023. Einnig er lagt fram samþykki nágranna, ódags. Lagt er til að tillögunni verði synjað.

| | |
|---|---|
|   |   |
| **Gildandi deiliskipulag** | **Tillaga að breytingu** |

**Greinagerð með umsókn:**
Deiliskipulagsbreytingin nær yfir lóð Faxabóls 12. Ætlunin er að byggja skýli yfir hluta af gerði við hesthús nr. 12 í Faxabóli. Með þessu skýli verður hægt að stunda tamningar og þjálfun hrossa allt árið um kring.

Breytingin sem lögð er til er eftirfarandi:

- Heimilt verði að bæta við 17,2 m löngum stoðvegg um 12 m vestan við núverandi stoðvegg sem liggur samsíða reiðleiðinni.
- Byggt verður ofan á núverandi stoðvegg. Hæð á vegg/hlið reiðskýlisins verðum um 1,5m austan megin, að reiðstíg.
- Þak yfir reiðaðstöðu sem afmarkast af núverandi og nýjum stoðveggjum. Um 17,2x12m að stærð.

Skilmálar settir fram í greinargerð:
Skýlið verður að hámarki með 3m vegghæð, að innanverðu. Mænishæð að hámarki 4,70m frá gólfi reiðaðstöðu. Um er að ræða létt skýli/þak. Stálbitar verða í þaki. Þak verðu með mæni og sama halla og núverandi byggingar.

**Umsögn/niðurstaða**

Núverandi steyptir veggir eru byggðir í leyfisleysi árið 2022. Veggirnir eru byggðir inn í hlíð og halda við mikinn jarðveg. Fyrir ofan steypta vegginn liggur reiðleið. Engin gögn liggja fyrir þar sem veggirnir eru teknir út til að tryggja það að þeir geti haldið jarðveginum og reiðleiðinni uppi. Verulegar áhyggjur eru á öryggi á svæðinu vegna reiðleiðar og steyptu veggjanna.

Reykjavík

Ekki er gert ráð fyrir að byggt séu yfir gerðin og vegna landhalla austan við hesthúsin er óæskilegt að grafa inn í hlíðina og staðsetja þar skýli. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir svæði til tamningar. Ef það er þörf á yfirbyggðu gerði til tamningar ætti mögulega að skoða sameiginlegt svæði til þess en ekki á þessum stað.

Tillagan að deiliskipulagsbreytingu er ekki gott fordæmi þar sem er framkvæmt fyrst og síðan sótt um leyfi og deiliskipulagsbreytingu. Mikilvægt er að það sé skýrt að framkvæmdir á athafnasvæði hestamanna eru ekki undanskyldar lögum og reglum.

Þar sem margir óvissuþættir eru til staðar og ekki verði búið til fordæmi þá er lagt til að umsókn um breytingu á deiliskipulagi verði synjað.





**F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**
Hrönn Valdimarsdóttir